



# **Niðurstöður eftirlits með flutningi úrgangs á milli landa 2018**

## 1. Inngangur

Eins og kom fram í eftirlitsáætlun um flutning úrgangs milli landa 2018-2020 mun Umhverfisstofnun árlega taka saman skýrslu um framkvæmd eftirlitsins og niðurstöður þess. Framkvæmd eftirlitsins er í samræmi við framkvæmdaáætlun sem er vinnuskjal stofnunarinnar. Eins og kom fram í eftirlitsáætlun eru þær skyldur sem stofnunin hefur eftirlit með eftirfarandi:

- Óheimilt er að flytja tilteknar tegundir úrgangs milli tiltekinna landa
- Skýlt er að tilkynna inn- og útflutning spilliefna og úrgangs sem fer til förgunar
- Úrgangi sem fluttur er úr landi til endurnýtingar þarf að fylgja sérstakt eyðublað (Annex VII)
- Úrgangi sem fluttur er til landsins til endurnýtingar þarf að fylgja sérstakt eyðublað (Annex VII)
- Óheimilt er að flytja úrgang sem vöru á milli landa

Í framkvæmdaáætlun voru því þessir þættir skoðaðir og settar fram áherslur sem byggðu á yfirliti yfir flutning úrgangs síðustu 5 ára (2012-2016) og notaðar voru til að forgangsráða eftirliti ársins.

## 2. Niðurstöður eftirlits

Framkvæmd og skipulag eftirlits var sett fram í framkvæmdaráætlun fyrir eftirlitstímabilið 2018. Eftirlit var framkvæmt hjá 45 aðilum sem voru bæði úrgangsmeðhöndlunaraðilar (kaflar 2.1 – 2.4) of fyrirtæki á almennum markaði sem flytja út vörur (kafla 2.5).

Tafla 1: Listi yfir eftirlitsþega ársins 2018.

Útflutningur á úrgangi (kafla 2.1 – 2.4)	Útflutningur á vöru (kafla 2.5)
Alcoa Fjarðaál sf.	Advania Data Centers ehf.
Arctic Smolt hf.	Bílaumboðið Askja ehf.
Austurhlíð ehf.	Boðleið Þjónusta ehf.
Brotajárn og málmar ehf.	Brimborg ehf.
E.E. Export ehf.	Controlant ehf.
Efnamóttakan hf.	Costco Wholesale Iceland ehf.
Endurvinnslan hf.	DHL Express Iceland ehf.
Ferro Zink hf.	Exton ehf.
Gagnaeyðing ehf.	Frakt flutningsmiðlun ehf.
Gámaþjónusta Norðurlands ehf.	Icelandair ehf.
Gámaþjónustan hf.	Inmarsat Solutions ehf.
Hringrás hf.	Netters ehf.
Íslenska gámafélagið ehf.	Opin kerfi hf.
Málmar ehf.	Origo hf.
Rio Tinto á Íslandi hf.	Ormsson ehf.
SORPA bs.	Rafeyri ehf.

	Sensa ehf.
	Simberg ehf.
	Skaginn hf.
	SRX ehf.
	Sýn hf.
	Teledyne Gavia ehf.
	Truenorth ehf.
	TVG-Zimsen ehf.
	Tæknivörur ehf.
	Varnarliðið, fjármáladeild
	Verne Global hf.
	Vitaklettur ehf.
	Wintermute Technologies ehf.

Eftirfarandi eru niðurstöður eftirlits Umhverfisstofnunar árið 2018.

## 2.1. Óheimilt er að flytja tiltekna tegundir úrgangs milli tiltekinnna landa

Samkvæmt 2.kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 um flutning úrgangs sem er innleidd með reglugerð 822/2010 um flutning úrgangs á milli landa er óheimilt að flytja hættulegan úrgang og úrgang til förgunar til landa sem ekki hafa samþykkt ákvörðun OECD (C(2001)107/FINAL) um flutning úrgangs milli landa. Alls hafa 42 ríki samþykkt ákvörðunina og útbýr Umhverfisstofnun lista yfir þessi ríki sem byggir á upplýsingum frá breskum yfirvöldum.

Eftirlit byggði á mánaðaryfirliti frá Tollstjóra þar sem farið var yfir allar sendingar úrgangs sem sendar voru til landa utan OECD ákvörðunarinnar yfir 8 mánaða tímabil. Upplýsingar um sendingarnar voru rýndar með það að markmiði að ákvarða hvort líklegt væri að um hættulegan úrgang eða úrgang til förgunar væri að ræða miðað við þau tollskrárnúmer og lýsingar sem gefin voru upp í tollskýrslu. Alls voru 3 sendingar úrgangs sendar út til landa sem ekki hafa samþykkt ákvörðun OECD á eftirlitstímabilinu.

Tafla 2: Tollskrárnúmer, fjöldi sendinga og magn af úrgangi sem fluttur var úr landi til landa sem ekki hafa samþykkt ákvörðun OECD og haft var eftirlit með á árinu.

Tollskrárnúmer	Útflutningur úrgangs	Fjöldi sendinga	Kg
3915 9000	Úrgangur, afklippur og rusl, úr plasti	2	3.362
7204 2100	Járnúrgangur og járnrusl; úrgangs steypuhleifar úr járn eða stáli til endurbæðslu (úr ryðfríu stáli)	1	145.055
<b>Samtals</b>		<b>3</b>	<b>148.417</b>

Miðað við tollskrárnúmer mat stofnunin ekki líklegt að um væri að ræða hættulegan úrgang eða úrgang til förgunar og því væri flutningurinn ekki brot á reglum.

Engin frávik komu því fram í eftirliti með þessum hluta.

### **2.2. Skylt er að tilkynna inn- og útflutning hættulegs úrgangs og úrgangs sem fer til förgunar**

Umhverfisstofnun sér um leyfisveitingu vegna inn- og útflutning hættulegs úrgangs og úrgangs til förgunar í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006. Leyfi eru yfirleitt gefin út til eins árs í senn og getur fjöldi sendinga undir hverju leyfi verið á bilinu 1 – 200.

Umhverfisstofnun hafði eftirlit með þeim gámum sem sendir voru út yfir tiltekið tímabil þar sem haft var samband við þá aðila sem voru með virk útflutningsleyfi og óskað eftir að koma í heimsókn áður en gámum yrði lokað.

Alls voru skoðaðir 4 gámar á tímabilinu og skoðað sérstaklega hvort úrgangur var í samræmi við flokkun samkvæmt útgefnu leyfi. Engin frávik komu fram í eftirliti með þessum hluta.

### **2.3. Úrgangi sem fluttur er úr landi til endurnýtingar þarf að fylgja sérstakt eyðublað (Annex VII)**

Samkvæmt reglugerð 1013/2006 á útfyllt Annex VII eyðublað að fylgja með öllum sendingum úrgangs yfir 20 kg sem fluttur er til endurnýtingar.


Umhverfisstofnun hafði eftirlit með öllum útflutningi úrgangs yfir tiltekið tímabil. Alls var óskað eftir nánari upplýsingum frá útflytjendum um 155 sendingar undir hinum ýmsu úrgangsflokkum. Í eftirliti kom í ljós að í 20 sendingum hafði sérstakt eyðublað vegna flutning úrgangs til endurnýtingar (Annex VII) ekki fylgt með sendingunum.

*Tafla 3: Tollskrárnúmer, fjöldi sendinga og magn af úrgangi sem fluttur var úr landi til endurnýtingar og haft var eftirlit með á árinu.*

Tollskrárnúmer	Útflutningur úrgangs	Fjöldi sendinga	Kg
3915	Plastúrgangur	27	873.749
4004	Úrgangur úr gúmmíi	44	536.769
4017.0009	Úrgangur úr harðgúmmíi	3	68.814
4707.9000	Endurheimtur pappír eða pappi	27	2.566.184
7204	Járnúrgangur	28	5.051.041
7404	Koparúrgangur	5	34.152
7503	Nikkelúrgangur	1	580
7602	Alúrgangur	19	352.566

7902	Sinkúrgangur	1	24875
<b>Samtals</b>		<b>155</b>	<b>9.508.730</b>

Þegar frávik komu upp var undirstrikað við útflytjanda að ólöglegt væri að senda út úrgang án sérstaks eyðublaðs (Annex VII) og þeim í kjölfarið leiðbeint um útfyllingu þess.



Mynd 1: Niðurstöður eftirlits með úrgangi sem fluttur er úr landi til endurnýtingar

#### 2.4. Úrgangi sem fluttur er til landsins til endurnýtingar þarf að fylgja sérstakt eyðublað (Annex VII)

Samkvæmt reglugerð 1013/2006 á Annex VII á að fylgja með öllum sendingum úrgangs yfir 20 kg sem fluttur er til landsins til endurnýtingar.

Samkvæmt upplýsingum frá Tollstjóra voru sendingar stöðvaðar samkvæmt síu sem endurspeglar þau tollskrárnúmer sem líklegt þykir að innihaldi aðallega úrgang.

Niðurstöðurnar voru að sendingarnar voru almennt settar í rangt tollskrárnúmer og/eða að tollskrárnúmer var ekki lýsandi fyrir úrgang. Tollstjóri hefur í skoðun hvort þörf er á að uppfæra tollskrá til að úrgangsnúmer séu einungis fyrir úrgang.


#### 2.5. Óheimilt er að flytja úrgang sem vöru á milli landa

Til greiningar á tilvikum þar sem úrgangur er fluttur milli landa sem vara, hafði Umhverfisstofnun eftirlit með útflutningi á ákveðnum tollskrárnúmerum yfir tiltekið tímabil. Þeim tollskrárnúmerum var forgangsraðað þar sem fjöldi sendinga var mikill, magn útflutnings mikill eða þar sem stofnunin taldi sérstaka þörf á eftirliti. Á eftirlitstímabilinu var lögð áhersla á raftæki og annan rafbúnað. Í eftirliti var ástæða útflutnings skilgreind og flokkuð eins og sjá má á myndinni að neðan.

Tafla 4: Tollskrárnúmer, fjöldi sendinga og magn af vöru sem flutt var úr landi og haft var eftirlit með á árinu.

Vara til útflutnings	Fjöldi sendinga	kg
8506 – Frumrafhlöð og frumrafhlöður	3	144
8507 – Rafgeymar	7	1.963

8517 – Símtæki	54	4.937
8528 – Skjáir og myndvörpur	9	1.376
<b>Samtals</b>	<b>73</b>	<b>8.420</b>



Mynd 2: Niðurstöður eftirlits með að úrgangur sé ekki fluttur sem vara á milli landa

Alls voru skoðaðar 73 sendingar frá 29 fyrirtækjum. Í vinnslu gagna frá Tollstjóra kom einnig fram að Tollstjóri heldur að hluta til yfirlit yfir ástæðu útflutnings með því að óska í tollskýrslu eftir lýsingu tollmeðferðar. Engin frávik komu fram í eftirliti með þessum hluta.

### 3. Niðurstöður

Samkvæmt niðurstöðunum sem kynntar hafa verið hér að framan hafði Umhverfisstofnun eftirlit með alls 215 sendingum af úrgangi og vörum sem fluttar voru úr landi á eftirlitsárinu. Upp komu 20 tilvik þar sem eftirlitið leiddi í ljós frávik. Það frávik sem kom í ljós í eftirlitinu var vöntun á þartilgerðum Viðauka með útflutningi úrgangs (Annex VII). Ekki voru önnur frávik. Niðurstöður eftirlits fyrir árið 2018 eru notaðar sem undirlag fyrir gerð framkvæmdaáætlunar fyrir eftirlit stofnunarinnar fyrir árið 2019.